
Sjónvörn við Írskrabrunn, Snæfellsbæ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð sjónvörn við Írskrabrunn á Snæfellsnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júlí 2014.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 26. maí 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða sjóvörn við Írskrbrunn á Snæfellsnesi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 10 í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 19. Júní 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 19. Júní 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. júní 2014.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir við Írskrbrunn séu innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls u.þ.b. 80 m frá sjó. Staðsetning fyrirhugaðrar sjóvarnar er um 25 m fyrir framan brunninn og verður hún um 50 m löng.

Fram kemur að áætluð efnispörf er um 350 m³ af grjóti og sprengdum kjarna úr námu auk um 20 m³ af grjóti úr garðstæði. Efni í verkið verður sótt í opna grjótnámu við Efri Höfða á Rifi ásamt efni sem er til á staðnum. Flutningsleið með efni úr námu vegna framkvæmdarinnar verði frá Útnesvegi nr. 574, núverandi malarvegi sem liggur að bílastæði við Írskrbrunn og þaðan þarf að gera um 20 m vinnuslóða að framkvæmdasvæði.

Fram kemur að framkvæmdasvæðið er á sandorpnu hrauni sem melgresi hefur verið sáð í. Sæbarið stórgrýti er meðfram ströndinni og hraunhellur teygjast undan því til sjávar. Írskribrunnur er fornt vatnsból Gufuskála og skammt vestur af Írskabyrgi, hlaðin rúst sem hrundi að hluta til veturinn 2012-13. Meðfram ströndinni eru rústir verbúða og hafa fornleifarannsóknir farið þar fram á undanförunum árum, en sjórinn brýtur stöðugt á landinu þannig að þær eru smám saman að hverfa.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdinnar sé að verja Írskrbrunn fyrir því að ágjöf yfir sjávarkamb beri með sér grjót og sand ofan í brunninn. Tekið hefur verið tillit til þess að sjóvörnin falli vel að umhverfinu. Lega sjóvarnarinnar mun fylgja sjávarkambi í mjúkum boga og þá er miðað við að sjóvörnin verði ekki of há, eða um 0,8 til 1,5 m fyrir ofan núverandi landhæð. Gert er ráð fyrir að grjót úr garðstæði verði raðað upp við sjóvörnina bæði að utan- og innanverðu og að þannig verði dregið úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Snæfellsbæjar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn **Snæfellsbæjar** kemur fram að mikilvægt sé að verja Írskabrunn fyrir frekari ágangi sjávar. Leggja þurfi áherslu á að umferð í nágrenni við brunninn vegna framkvæmda valdi ekki hnjaski á minjum. Sjálf hleðslan verði felld vel að landi, eins og fram komi í gögnum Vegagerðarinnar og við lagningu vinnuslóða verði framkvæmd takmörkuð eins og frekast sé unnt.

Í umsögn **Minjastofnunar Íslands** kemur fram að stofnunin ítrekar að fara verður varlega á þungavinnuvélum í nágrenni brunnsins svo að fornleifarnar sem framkvæmdinni er ætlað að verja raskist ekki á framkvæmdatímanum. Þá er mikilvægt að minjaverði Vesturlands verði gert viðvart þegar framkvæmdir hefjast svo að hann geti fylgst með þeim.

Í umsögn **Umhverfisstofnunar** kemur fram samráð hafi verið haft við þjóðgarðsyfirvöld og Umhverfisstofnun um framkvæmdina. Umhverfisstofnun telur að hér sé um fremur litla afturkræfa framkvæmd að ræða sem muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun vill benda að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar fyrir umræddri framkvæmd.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvörn við Írskrbrunn á Snæfellsnesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræn eðlis þar sem grjótgarðurinn muni muni breyta ásýnd fjörunnar. Stofnunin telur hins vegar að neikvæð sjónræn áhrif verði ekki veruleg þar sem ekki er um að ræða umfangsmikla framkvæmd og sýnileiki hennar bundinn við fjöruna framan við sjóvörnina og allra næsta nágrenni hennar. Einnig má gera ráð fyrir nokkru tímabundu ónæði vegna umferðar vinnuvéla á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að Vegagerðin þurfi að tryggja að farið verði að tilmælum Snæfellsbæjar og Minjastofnunar Íslands um að farið verði varlega á þungavinnuvélum í nágrenni brunnsins svo að fornleifarnar sem framkvæmdinni er ætlað að verja raskist ekki á framkvæmdatímanum. Þá telur Skipulagsstofnun mikilvægt að farið verði eftir þeim tilmælum Minjastofnunar að minjaverði Vesturlands verði gert viðvart þegar framkvæmdir hefjast svo að hann geti fylgst með þeim.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð sjóvörn við Írskrbrunn í Snæfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júlí 2014.

Skipulagsstofnun

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson